



Reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

Febrúar 2021



Útgáfa	Breytingar	Breytt af	Staðfest af	Dags.
1.0	1. útgáfa	Lögfræðisvið	Stjórn	10.02.2021

Allur réttur áskilinn. Ekki má fjölfalda, vista eða dreifa skjalinu með neinum hætti, þ. á m. ljósrita eða hljóðrita, án fyrirfram veitts skriflegs leyfis Íslandsbanka hf. eða sérstakrar heimildar í lögum. Fyrirspurnum vegna fjölföldunar skal beina til lögfræðideildar bankans.



Efnisyfirlit

<i>1. Inngangur</i>	4
1.1. Tilgangur og markmið.....	4
1.2. Lagarammi.....	4
1.3. Gildissvið.....	4
1.4. Orðskýringar.....	4
1.5. Innleiðing.....	5
1.6. Eignarhald, endurskoðun og birting.....	5
<i>2. Reglur um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga</i>	5
2.1. Gildissvið.....	5
2.2. Viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga.....	6
2.3. Framkvæmd eigin viðskipta starfsmanna.....	7
2.4. Útboð á vegum bankans.....	8
2.5. Ráðgjöf á vegum bankans.....	8
2.6. Lágmarks eignarhaldstími.....	8
2.7. Tilkynning um verðbréfaeign.....	8
2.8. Varsla verðbréfa.....	9
2.9. Heimild regluvarðar til að veita undanþágu.....	9
<i>3. Reglur um gjafir og boðsferðir</i>	9
3.1. Gjafir.....	9
3.2. Boðsferðir.....	9
3.3. Aðkoma regluvarðar.....	10
<i>4. Reglur um þóknanir, umboðslaun og annan ávinnings við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu</i>	10
4.1. Móttaka þóknana, umboðslauna og annars ávinnings.....	11
4.2. Greiðsla þóknana, umboðslauna og annars ávinnings í tengslum við óháða fjárfestingarráðgjöf og eignastýringu.....	11
4.2.1. Aukin gæði þjónustu.....	12
4.2.2. Skráningar og utanumhald.....	12



4.2.3. Upplýsingaskylda til viðskiptavina.....	12
<i>5. Reglur um þátttöku starfsmanna í atvinnustarfsemi.....</i>	<i>12</i>
5.1. Gildissvið.....	12
5.2. Þátttaka í atvinnustarfsemi.....	13
5.3. Meðferð umsókna.....	13
5.4. Tilkynningarskylda um breytingar.....	14
<i>6. Reglur um aðskilnað starfseininga.....</i>	<i>14</i>
6.1. Aðskilnaður.....	14
6.2. Stjórnendur.....	15
6.3. Fyrirtæki og fjárfestar.....	15
6.4. Fjármálasvið.....	15
6.5. Verðbréfa-og lífeyrisráðgjöf.....	16
6.6. Flutningur starfsmanna á milli eininga og aðgangur.....	16
<i>7. Eftirlit og viðurlög.....</i>	<i>16</i>



1. Inngangur

Íslandsbanki hf. (hér eftir nefndur „bankinn“), sem fjármálafyrirtæki sem veitir alhliða fjármálalöngunustu og er útgefandi fjármálagerna á skipulegum verðbréfamarkaði, stendur óhjákvæmilega frammi fyrir hættu á hagsmunaárekstrum í starfsemi sinni. Þess vegna leggur bankinn ríka áherslu á að allir starfsmenn hans séu meðvitaðir um hættuna á hagsmunaárekstrum þegar þeir sinna starfi sínu og grípi til viðeigandi aðgerða til þess að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar í starfsemi bankans hafi neikvæð áhrif á hagsmunum viðskiptavina.

Reglur þessar eru settar á grundvelli stefnu Íslandsbanka um hagsmunaárekstra.

1.1. Tilgangur og markmið

Markmið reglna þessara er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og tryggja trúverðugleika í viðskiptum bankans og viðskiptavina. Þeim er einnig ætlað að koma í veg fyrir að draga megi hlutlægni starfsmanna bankans í efa við meðferð og afgreiðslu þeirra á einstökum málum, s.s. vegna vanhæfis, vegna þátttöku þeirra í atvinnustarfsemi utan bankans eða vegna persónulegra viðskipta þeirra sjálfra eða tengdra aðila með fjármálagerna.

1.2. Lagarammi

Reglur þessar eru settar með vísan til 19. og 56. gr. sbr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, 5., 6., 8. og 122. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, 10. og 19.-21. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja, 12. gr. reglna nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja og leiðbeinandi tilmæla Fjárfmálaeftirlitsins nr. 4/2014 um aðskilnað starfssviða.

1.3. Gildissvið

Reglur þessar gilda um stjórnendur og starfsmenn bankans, nema annað sé sérstaklega tekið fram í viðeigandi köflum reglnanna.

1.4. Orðskýringar

Starfsmaður: Allir starfsmenn Íslandsbanka nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Stjórnandi: Stjórnandi er starfsmaður sem ber ber stjórnunarlega, fjárhagslega og verkefnalega ábyrgð á sínu sviði/deild.

Regluvörður: Regluvörður eða viðeigandi starfsmaður Regluvörslu

Fjárfestingarþjónusta:

- Móttaka og miðlun fyrir mæla frá víðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerna.
- Framkvæmd fyrir mæla fyrir hönd víðskiptavina.
- Víðskipti fyrir eigin reikning.
- Eignastýring.
- Fjárfestingaráðgjöf.
- Söluþrygging í tengslum við útgáfu fjármálagerna og/eða útboð fjármálagerna.
- Umsjón með útboði fjármálagerna án söluþryggingar og taka verðbréfa til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
- Rekstur markaðstorgs fjármálagerna.
- Rekstur skipulegs víðskiptavettvangs.

Viðbótarþjónusta:



- Varsla og umsýsla í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, þ.m.t. vörslu fjármálagerninga og tengdrar þjónustu, svo sem vegna fjármuna eða trygginga og að undanskilinni vörslu verðbréfareikninga á efsta stigi.
- Veiting lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerninga ef verðbréfafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
- Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
- Þjónusta í tengslum við sölutryggingu.
- Gjaldeyrisþjónusta ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.
- Fjárfestingarrannsóknir og greining eða annað forma af almennum ráðleggingum í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga.
- Þjónusta í tengslum við undirliggjandi eignir afleiðusamninga þegar þær tengjast fjárfestingarþjónustu.

1.5. Innleiðing

Stjórnendur bera ábyrgð á innleiðingu reglna þessara hvað þeirra starfssvið varðar og að viðeigandi starfsmenn á þeirra vegum þekki reglur þessar, skyldur sínar samkvæmt þeim og starfi í samræmi við þær.

Starfsmenn skulu við upphaf starfs hjá bankanum staðfesta að þeir hafi kynnt sér reglur þessar á innraneti bankans.

1.6. Eignarhald og endurskoðun

Reglur þessar eru samþykktar af stjórn bankans og er forstöðumaður stjórnarháttanna og innri mála eigandi þeirra. Reglurnar skal endurskoða á a.m.k. tveggja ára fresti.

2. Reglur um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga

2.1. Gildissvið

Reglur þessa kafla taka til viðskipta með fjármálagerninga félags með fjárhagslega hagsmuni á Íslandi, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði jafnt hér á landi og/eða erlendis.¹ Undanskilin eru viðskipti með erlend bréf sem hafa engin tengsl við Ísland og þarf því ekki að óska eftir afstöðu regluvarðar vegna þeirra.

Reglur þessa kafla gilda um starfsmenn bankans í Norðurtorni, útibússtjóra og sparnaðarfulltrúa í útibúum. Reglurnar taka þó ekki til starfsmanna Mathúss Dalsins.

Auk framangreindra starfsmanna taka þessar reglur til neðangreindra aðila:

- a. Maka, sambúðarmaka starfsmanns (hér eftir nefndur maki) og ófjárráða barna, kjörbarna eða stjúpbarna á hans framfæri. Þegar talað er um starfsmenn í þessum 2. kafla gildir hið sama fyrir þessa aðila, nema annað sé sérstaklega tekið fram.
- b. Eignarhaldsfélaga ofangreindra aðila, sem falla undir gildissvið reglnanna, sem og félaga þar sem umræddir aðilar geta með beinum eða óbeinum hætti, í skjóli eignarhalds og/eða stjórnarsetu, tekið ákvörðun um viðskipti sem falla undir reglur þessar. Þegar talað er um starfsmenn í þessum 2. kafla, gildir hið

¹ T.d. tvískráning eða félag sem bankinn hefur aðkomu að. Bankinn getur haft aðkomu að félagi með mismunandi hætti en ef aðkoman eykur líkur á hagsmunaárekstrum þá þarf að óska eftir afstöðu regluvarðar. Þetta getur t.d. átt sér stað þegar bankinn er stór lánveitandi.



sama fyrir umrædd eignarhaldsfélög/félög nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Starfi maki starfsmanns hjá öðru fjármálafyrirtæki skal það tilkynnt til regluvarðar og lúta viðskipti maka þá reglum þess félags, ef við á.

Reglurnar eiga ekki við um viðskipti starfsmanna, maka, ófjárráða barna og eignarhaldsfélög/félög á grundvelli samnings við bankann um virka stýringu að því tilskildu að engin samskipti eigi sér stað varðandi einstaka viðskipti milli eignasafnsstjóra og hlutaðeigandi starfsmanns.

Reglurnar eiga ekki við um viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfa- og fjárfestingasjóða sem uppfylla skilyrði laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði.

Reglurnar eiga ekki við um viðskipti maka starfsmanns ef um er að ræða viðskipti sem eru tengd atvinnurekstri er maki stundar og/eða félagasamtökum sem maki starfar fyrir.²

Reglurnar eiga ekki við um móttöku og sölu á fjármálagerningum sem starfsmenn hafa fengið sem gjöf, arf eða sem greiðslu fyrir sölu fastafjármuna,

2.2. Viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga

Starfsmönnum er einungis heimilt að taka þátt í útboðum sé um að ræða almenn útboð fjármálagerninga samhliða töku þeirra til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga, almennum útboðum og forgangsréttarútboðum sé um að ræða fjármálagerninga sem eru þegar skráðir á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga.³

Starfsmönnum er ekki heimilt að taka þátt í fjárfestingarfélögum eða annarri hliðstæðri starfsemi, sem hefur þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að kaupum á verðbréfum.

Starfsmönnum er óheimilt að veðsetja verðbréfaeign sína til tryggingar fyrir lántöku hjá Íslandsbanka, eða öðrum starfsleyfisskyldum lánveitendum⁴, vegna verðbréfavíðskipta.

Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með aðra fjármálagerninga en þá sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða á markaðstorgi fjármálagerninga sem rekið er af eftirlitsskyldum aðila á Íslandi.⁵ Eftirfarandi viðskipti eru þó undanþegin:

- a. móttaka og sala á fjármálagerningum sem starfsmenn hafa eignast áður en þeir hófu störf hjá bankanum. Er starfsmönnum heimilt að taka þátt í aukningu hlutafjár í réttu hlutfalli við fyrri eign sína hjá óskráðum félögum sem þeir áttu hlut í þegar þeir hófu störf hjá bankanum,
- b. viðskipti með hlutabréf fyrirtækja sem engin virk viðskipti eru með og/eða félögum sem hafa ekki fjárfestingar að markmiði, t.d. félög um atvinnurekstur fjölskyldumeðlima.

Telji starfsmaður að undanþága samkvæmt framangreindum liðum eigi við um fyrirhuguð viðskipti, skal hann senda skriflega beiðni til regluvarðar þar sem hann fer þess á leit að eiga

² Sem dæmi um félagasamtök má nefna foreldrafélög, húsfélög og góðgerðafélög.

³ Þar sem óskað er eftir tilboðum á föstu gengi, eftir atvikum innan fyrirfram ákveðins verðbils, en ekki er óskað eftir tilboðum um verð einstakra bréfa, gengi eða vaxtakjör. Starfsmönnum er ekki heimilt að taka þátt í útboði þar sem fyrirkomulag útboðs er með þeim hætti að fyrstir koma fyrir fá.

⁴ S.s. fjármálafyrirtæki, lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, og lífeyrissjóðir, lög nr. 129/1997.

⁵ T.d. First North.



umrædd viðskipti. Óheimilt er að eiga slík viðskipti fyrr en regluvörður hefur tekið afstöðu til þeirra.

Starfsmenn skulu gæta hófs í viðskiptum sínum með fjármálagerninga m.t.t. mögulegra hagsmunaárekstra. Samanlögð verðbréfavíðskipti starfsmanns og tengdra aðila⁶ skulu að hámarki nema 50 milljónum kr. í einstökum viðskiptum innan viðskiptadags og/eða 150 milljónum kr. á ársgrundvelli.

Regluvörður getur bannað viðskipti starfsmanna með ákveðna fjármálagerninga án skýringa og/eða tímamarka á banninu.⁷

2.3. Framkvæmd eigin viðskipta starfsmanna

Starfsmaður sem hyggst eiga viðskipti skal senda beiðni til regluvarðar í gegnum kerfi á [Innraneti bankans](#). Regluvörður tekur afstöðu til fyrirhugaðra viðskipta að teknu tilliti til viðeigandi upplýsinga frá starfsmanni og annarra fyrirliggjandi upplýsinga innan bankans, s.s. mögulegra innherjaupplýsinga. Regluvörður svarar beiðnum, virka daga, milli kl. 09 - 14. Starfsmanni er óheimilt að eiga viðskipti fyrr en regluvörður hefur tekið afstöðu til þeirra.

Þrátt fyrir að regluvörður taki afstöðu til viðskipta áður en þau eiga sér stað eru viðskipti starfsmanna alfarið á ábyrgð viðkomandi.

Viðskipti starfsmanna skulu fara fram fyrir milligöngu bankans nema í eftirfarandi tilvikum:

- a. Þeir makar sem stunda atvinnurekstur eru ekki bundnir af milligöngu bankans um þau viðskipti sem tengjast þeim atvinnurekstri.
- b. Sé um að ræða almenn útboð eða forgangsréttarútboð sem ekki eru á vegum Íslandsbanka er starfsmönnum heimilt að ganga sjálfir frá skráningu hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki.
- c. Ef starfsmaður á viðskipti í gegnum Netbanka er honum eðli máls samkvæmt heimilt að annast viðskipti sín sjálfur en alltaf verður að senda beiðni til regluvarðar og fá afstöðu til viðskipta.
- d. Regluverði er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði við sérstakar aðstæður.

Afstaða regluvarðar gildir einungis þann dag er afstaða er gefin og eigi viðskipti sér ekki stað innan viðskiptadags skal starfsmaður senda nýja beiðni til regluvarðar. Við sérstakar aðstæður getur regluvörður ákveðið að afstaða til viðskipta gildi lengur en að framan greinir, s.s. ef lítil viðskipti eru með viðeigandi verðbréf.

Starfsmönnum er óheimilt að láta einingu þá sem þeir starfa í hafa milligöngu um viðskipti sín.

⁶ Átt er við starfsmenn og tengda aðila samkvæmt lið 2.1 hér að framan.

⁷ Bann regluvarðar á viðskiptum kann að stafa af því að viðskipti með viðkomandi fjármálagerning hafa verið takmörkuð og ástæður þess eru trúnaðarupplýsingar.



2.4. Útboð á vegum bankans

Starfsmönnum er heimilt að taka þátt í útboðum þar sem bankinn er útgefandi eða umsjónaraðili ef ekki er hætt á að innherjaupplýsingar eða hagsmunaárekstrar geti verið til staðar.⁸ Regluvörður hefur þó heimild til að takmarka þátttöku starfsmanna, t.a.m. með því að þrengja tímamörk fyrir þátttöku eða banna einstaka starfsmönnum/einingu þátttöku.⁹

Þátttaka æðstu stjórnenda bankans kann að vera háð strangari takmörkunum sem jafnframt eru háð ákvörðun regluvarðar hverju sinni.¹⁰

2.5. Ráðgjöf á vegum bankans

Starfsmenn sem koma fyrir bankans hönd að ráðgjafarverkefnum við útgefendur skráðra verðbréfa geta í störfum sínum fengið aðgang að innherjaupplýsingum.¹¹ Meðan ráðgjafarvinna bankans stendur og í þrjá mánuði eftir að henni lýkur, er starfsmönnum bankans, sem koma að ráðgjöfinni, óheimilt að eiga viðskipti með verðbréf útgefandans, nema því aðeins að ráðgjafarvinnunni ljúki með opinberri birtingu upplýsinga í kauphöll samfara útboði og/eða hætt á hagsmunaárekstrum sé ekki til staðar.¹² Regluvörður hefur þó heimild til að takmarka þátttöku umræddra starfsmanna umfram það sem að framan segir, t.a.m. með því að þrengja tímamörk fyrir þátttöku eða banna alfarið einstaka starfsmönnum þátttöku.

2.6. Lágmarks eignarhaldstími

Lágmarks eignarhaldstími á verðbréfum sem starfsmaður hefur eignast í samræmi við ákvæði reglna þessara er 30 dagar talinn frá kaupdegi^{13, 14}

2.7. Tilkygning um verðbréfaeign

Starfsmenn skulu greina¹⁵ regluverði frá allri verðbréfaeign þegar þeir hefja störf hjá bankanum.

⁸ T.d. að innherjaupplýsingar sem starfsmenn kunna að hafa fengið aðgang að hafi verið miðlað með opinberum hætti, s.s. með birtingu lýsingar.

⁹ Hóflæg þátttaka starfsmanna í almennu hlutfjárútboði eða þátttaka í forgangsréttarútboði sem miðar að því að nýta forgangsrétt skal að jafnaði ekki sæta takmörkunum. Þátttaka starfsmanna í almennu hlutfjárútboði þar sem bankinn er bæði útgefandi og umsjónaraðili tekur eftir atvikum mið af sérstökum skilmálum sem gilda um áskriftir starfsmanna bankans, svo sem um minni skerðingu áskrifta. Dæmi: Ef skilmálar í útboði kveða á um að áskriftir starfsmanna upp að allt að 5 m.kr. skuli ekki skertar skal starfsmönnum almennt heimilt að skrá sig fyrir þeirri fjárhæð að lágmarki.

¹⁰ Þetta á við þar sem bankinn er umsjónaraðili útboðs en ekki útgefandi þess.

¹¹ Með starfsmönnum sem sinna ráðgjöf fyrir viðkomandi útgefanda er átt við þá starfsmenn deildar sem sinna viðkomandi verkefni og geta haft aðgang að innherjaupplýsingum eða að öðru leyti verið í aðstöðu þar sem hætt á hagsmunaárekstrum er til staðar.

¹² Starfsmönnum er þannig heimil þátttaka í almennu útboði enda hafi lýsing verið birt eða upplýsingar birtar með öðrum sambærilegum hætti á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga. Hóflæg viðskipti með viðkomandi fjármálagerning eftir að upplýsingar hafa verið gerðar opinberar með lýsingu eða öðrum hætti, felur almennt ekki í sér hagsmunaárekstur í skilningi reglnanna.

¹³ Í almennum útboðum er kaupdagur sá dagur er fjármálagerningur er tekinn til viðskipta í kauphöll.

¹⁴ Starfsmenn geta óskað eftir undanþágu vegna lágmarks eignarhaldstíma til regluvarðar (sem og vegna annarra ákvæða reglna þessara), t.d. þegar fjármálagerningur er kominn í tap eða upp koma aðstæður hjá starfsmanni þar sem hann verður að losa fjármuni. Regluvörður metur hvert tilvik fyrir sig.

¹⁵ Eyðublað vegna þessa er að finna rafrænt í H3.



2.8. Varsla verðbréfa

Starfsmenn skulu hafa verðbréf sín á vörslureikningum hjá Íslandsbanka.¹⁶ Nýjum starfsmönnum ber að flytja vörslu verðbréfa sinna til bankans þegar þeir hefja störf.

2.9. Heimild regluvarðar til að veita undanþágu

Regluverði er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum reglna þessara og skal starfsmaður senda skriflega umsókn þess efnis til regluvarðar.

3. Reglur um gjafir og boðsferðir

Reglum samkvæmt þessum 3. kafla er ætlað að stuðla að því að móttaka eða afhending gjafa eða boðsferða skaði ekki orðspor bankans og starfsemi hans. Þess skal gætt að eðli gjafa og boðsferða sé ekki til þess fallið að skaða orðspor bankans, viðskiptavinarins eða annarra sem hlut eiga að máli.

3.1. Gjafir

Starfsmönnum bankans er óheimilt að þiggja gjafir frá viðskiptavinum eða væntanlegum viðskiptavinum. Undanþegnar eru hóflegar tækifærisgjafir, þ.e. gjafir þar sem verðmæti telst hóflegt eða um 20.000 kr.

Bankinn skal gæta hófs er hann gefur viðskiptavinum gjafir og skulu þær vera í eðlilegu samræmi við eðli og umfang viðskiptasambands.

Með gjöfum samkvæmt reglum þessa 3. kafla er ekki átt við persónulegar tækifærisgjafir, sem gefnar eru óháð starfi fyrir bankann.

Regluvörður getur farið fram á að gjöfum sem starfsmenn þiggja í ósamræmi við þessa grein 3.1 sé skilað, að starfsmaður endurgreiði allan kostnað án tafar eða að gjöfin sé gefin til góðgerðamála.

Starfsmenn skulu skrá þær gjafir þar sem verðmæti fer yfir 20.000 kr., óháð því hvort gjöf sé þegin eða skilað, í gegnum tilkynningarkerfi á [innraneti bankans](#). Þiggi starfsmaður oft gjafir undir framangreindum fjárhæðarmörkum frá sama aðila sem hann telur til þess fallin að draga megi hlutleysi hans í efa skal hann skrá gjafirnar í gegnum framangreint tilkynningarkerfi.

3.2. Boðsferðir

Með boðsferðum er átt við viðburði og ferðalög, jafnt innanlands sem utan, sem greitt er fyrir af öðrum en þeim sem þiggur eða nýtur.

Með boðsferðum samkvæmt þessum 3. kafla er ekki átt við þær aðstæður ef starfsmanni bankans er boðið að taka, sem maki, þátt í viðburðum eða boðsferðum á vegum vinnuveitanda maka eða vegna starfa hans.

¹⁶ Þetta á ekki við um hlutdeildarskirteini í sjóðum sem eru í vörslu hjá öðru fjármálafyrirtæki.



Starfsmönnum bankans er óheimilt að þiggja boðsferðir frá viðskiptavinum eða væntanlegum viðskiptavinum hvort sem um er að ræða skemmtiferðir eða kynnisferðir. Undanþegin eru boð á minniháttar viðburði¹⁷ þar sem kostnaður er talinn hóflegur og í samræmi við eðli viðskiptasambands.

Undanþegnar eru einnig þær ferðir sem telja má að hafi upplýsingagildi fyrir bankann, geri starfsmenn hæfari í starfi eða eru nauðsynlegar til að þróa eða viðhalda viðskiptasambandi. Í þessum tilvikum skulu viðkomandi yfirmaður og regluvörður¹⁸ meta hvort svo sé. Skal bankinn greiða fyrir slíkar ferðir¹⁹ sem hafa verið heimilaðar nema annað sé sérstaklega ákveðið af yfirmanni og samþykkt af regluverði.

Þjóði bankinn viðskiptavinum eða væntanlegum viðskiptavinum í boðsferðir skal miða við að kostnaður vegna slíks boðs sé hóflegur og í eðlilegu samræmi við eðli og umfang viðskiptasambands.

Starfsmenn skulu skrá tilkynningarskyldar boðsferðir, sem ekki teljast minni háttar, í gegnum tilkynningakerfi á innraneti bankans.

3.3. Aðkoma regluvarðar

Starfsmenn skulu leita til regluvarðar ef þeir eru í vafa um hvort þeir megi þiggja gjöf eða minniháttar boðsferð. Regluvörður skal svara fyrirspurnum eins fljótt og kostur er og getur, eftir því sem við á, leitað álits hjá öðrum aðilum²⁰ innan bankans. Regluvörður hefur úrskurðarvald í vafamálum og er heimilt að veita undanþágur frá reglunum samræmist þær hagsmunum bankans.

Starfsmenn skulu afla samþykkis regluvarðar²¹ og síns yfirmanns vegna boðsferða, sem ekki teljast minniháttar, með góðum fyrirvara.

4. Reglur um þóknarir, umboðslaun og annan ávinning við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu

Reglur þessa 4. kafla um þóknarir, umboðslaun og annan ávinning gilda einungis um veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu af hálfu bankans, sbr. orðskýringar í kafla 1.4 að ofan.

Þóknarir, umboðslaun og annar fjárhagslegur eða ófjárhagslegur ávinningur, sem bankinn móttækur eða lætur af hendi til þriðja aðila í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga getur verið til þess fallinn að valda hagsmunaárekstrum í starfsemi bankans.

Þóknarir, umboðslaun og annar ávinningur samkvæmt þessum kafla tekur ekki til greiðslna sem gera bankanum kleift, eða eru nauðsynlegar vegna veitingar fjárfestingarþjónustu, s.s. vörslu-, uppgjör- og viðskiptakostnaður, eftirlitsgjöld eða annað sem getur ekki, eðli sínu samkvæmt, hindrað bankann í að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku þannig að það samræmist hagsmunum viðskiptavina bankans.

¹⁷ s.s. námskeið, fyrirlestra, íþróttakappleiki, listsýningar, tónleika eða golfmót.

¹⁸ Átt er við regluvörð og starfsfólk Regluvörslu.

¹⁹ Bankinn greiðir fyrir ferðina sjálfa, gistingu og upphald nema annað sé ákveðið af yfirmanni og samþykkt af regluverði. Við það mat má m.a. hafa hliðsjón af fjölda gesta, umfangi boðsins og tilgangi boðsferðar.

²⁰ T.d. viðkomandi yfirmanni, yfirlögfræðingi.

²¹ Senda skal beiðni gegnum tilkynningarkerfi á innraneti bankans [hér](#).



4.1. Móttaka þóknana, umboðslauna og annars ávinnings

Bankanum er óheimilt að greiða þóknanir, umboðslaun eða annan ávinning til, eða taka við slíkum greiðslum frá þriðja aðila, í tengslum við veitingu fjárfestingarþjónustu nema eftirfarandi skilyrði séu öll uppfyllt:

- a. greiðslan sé til þess fallin að auka gæði þjónustunnar við viðskiptavin, sbr. 4.2.1. gr. hér að neðan,
- b. greiðslan komi ekki í veg fyrir að bankinn starfi af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við hagsmuni viðskiptavina og
- c. viðskiptavinur sé upplýstur um greiðsluna áður en þjónusta er veitt.

Slíka greiðslur sem bankinn móttækur frá þriðja aðila og miðlar að fullu til viðskiptavina eru heimilar.

4.2. Greiðsla þóknana, umboðslauna og annars ávinnings í tengslum við óháða fjárfestingarráðgjöf og eignastýringu

Óheimilt er að taka við og halda eftir þóknunum, umboðslaunum og fjárhagslegum eða ófjárhagslegum ávinningi frá þriðja aðila þegar verið er að veita óháða fjárfestingarráðgjöf og eignastýringu.

- *Óháð fjárfestingarráðgjöf* felst í því að fjármálafyrirtæki bjóði nægjanlega fjölbreytt vöruúrval fjármálagerna sem eru á fjármálamarkaði og framleiddir af aðilum sem eru ekki í nánum tengslum við bankann. Bankinn veitir ekki óháða fjárfestingarráðgjöf.
- *Eignastýring* er skilgreind sem stjórnun verðbréfasafns í samræmi við fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstefnan er ákveðin af viðskiptavini og er tilgreind í skriflegum samningi milli aðila við upphaf þjónustu.

Þrátt fyrir að bankanum sé óheimilt að taka við slíkum greiðslum frá þriðja aðila við veitingu eignastýringarþjónustu er honum heimilt að taka við og halda eftir minniháttar ófjárhagslegum ávinningi sem:

- a. eykur gæði eignastýringarþjónustu viðskiptavinar;
- b. kemur ekki í veg fyrir að bankinn geti uppfyllt skyldu sína um að starfa með hagsmuni viðskiptavinar að leiðarljósi; og
- c. viðskiptavinur er upplýstur um fyrirfram.

Eftirfarandi telst vera minniháttar ófjárhagslegur ávinningur:

- a. Upplýsingar um fjármálagerning eða fjárfestingarþjónustu, hvort sem er almenns eðlis eða aðlagðar að aðstæðum tiltekins einstaklings;
- b. Upplýsingar frá útgefanda, eða þriðja aðila í umboði hans, sem birt er á sama tíma öllum fjármálafyrirtækjum sem þess óska eða almenningi;
- c. Þátttaka í ráðstefnum, fyrirlestrum og öðrum fræðsluviðburðum um ávinning og eiginleika tiltekins fjármálagernings eða fjármálaþjónustu;
- d. Hófleg risna, s.s. matur og drykkur, á viðskiptafundi eða ráðstefnu, fyrirlestri eða öðrum fræðsluviðburði; og
- e. Annar ávinningur sem er álitinn geta aukið gæði þjónustu og er í þeim mæli og af þeim toga að ólíklegt sé að hann komi í veg fyrir að bankinn geti uppfyllt skyldu sína til að starfa í samræmi við hagsmuni viðskiptavinarins.

Viðskiptavinur skal upplýstur um minniháttar ófjárhagslegan ávinning áður en viðkomandi fjárfestingaþjónusta er veitt.



4.2.1. Aukin gæði þjónustu

Greiðsla þóknana, umboðslauna og annars ávinnings telst til þess fallin að auka gæði þjónustu ef öll eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

- a. Greiðslan eykur gæði þjónustunnar og er í hlutfallslegu samræmi við aukna þjónustu;
- b. bankinn, starfsmenn eða hluthafar bankans, skulu ekki hafa beinan ávinning af greiðslunni nema hún hafi einnig í för með sér áþreifanlegan ávinning fyrir viðskiptavin; og
- c. sé greiðslan viðvarandi skal ávinningur fyrir viðskiptavin einnig vera viðvarandi.

4.2.2. Skráningar og utanumhald

Bankinn skal sýna fram á að greiðslur þóknana, umboðslauna og annars ávinnings sem bankinn móttækur eða afhendir uppfylli skilyrði 4.2.1. gr. um aukin gæði þjónustu með því að:

- a. Halda skrá yfir allar slíkar greiðslur sem bankinn móttækur frá eða greiðir til þriðja aðila; og
- b. Skrá með hvaða hætti slíkar greiðslur sem bankinn móttækur eða greiðir auki gæði þjónustu og komi ekki í veg fyrir að bankinn geti uppfyllt skyldu sína til að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku.

4.2.3. Upplýsingaskylda til viðskiptavina

Ef bankinn móttækur frá, eða greiðir til, þriðja aðila þóknunir, umboðslaun eða annan ávinning skal upplýsa viðskiptavin fyrirfram um eftirfarandi:

- a. Tilvist, eðli og fjárhæð slíkrar greiðslu. Upplýsa má með almennum hætti um minni-háttar ófjárhagslegan ávinning en ef um annan ófjárhagslegan ávinning er að ræða skal upplýsa sérstaklega um hann;
- b. Ef ekki er hægt að upplýsa viðskiptavin fyrirfram um slíka greiðslu skal það gert eins fljótt og hægt er að loknum viðskiptum; og
- c. Ef þjónusta er viðvarandi skal jafnframt upplýsa viðskiptavin árlega um slíkar greiðslur.

5. Reglur um þátttöku starfsmanna í atvinnustarfsemi

5.1. Gildissvið

Reglur þessa 5. kafla:

- gilda ekki um bankastjóra og innri endurskoðanda.²²
- gilda ekki um þátttöku í stjórn og/eða starfi hjá húsfélögum þar sem starfsmaður býr, þ.e. hefur fasta búsetu, eða almennum félagasamtökum.²³
- takmarka á engan hátt atvinnufrelsi maka starfsmanna.

²² Um þátttöku bankastjóra og innri endurskoðanda, í atvinnustarfsemi er fjallað í starfsreglum stjórnar.

²³ T.d. foreldrafélögum, trúfélögum, íþróttafélögum eða góðgerðafélögum.



5.2. Þátttaka í atvinnustarfsemi

Með þátttöku í atvinnustarfsemi er átt við stjórnarsetu hjá og/eða viðtöku launa frá fyrirtæki/félagi, einnig þegar um störf/stjórnarsetu er að ræða fyrir hönd bankans. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnustarfsemi nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þeirra, að mati regluvarðar.

Stjórnendur

Stjórnanda er óheimilt að taka þátt í atvinnustarfsemi nema með heimild regluvarðar.

Óski stjórnandi eftir því að taka þátt í atvinnustarfsemi skal hann senda umsókn, á viðeigandi [eyðublaði](#)²⁴, með tölvupósti til regluvarðar á atvinnuthattaka@islandsbanki.is og samhliða senda afrit til næsta yfirmanns síns. Taki stjórnandi þátt í atvinnustarfsemi á þeim tíma er hann hefur störf hjá bankanum skal hann jafnframt leita eftir heimild í samræmi við þessa grein.

Regluvörður leitar álits næsta yfirmanns stjórnanda vegna umsóknar um þátttöku í atvinnustarfsemi.

Þyki regluverði leika vafi á því hvort heimild skuli veitt getur hann óskað álits innri endurskoðanda, yfirlögfræðings, bankastjóra og/eða mannauðsstjóra.

Starfsmenn

Ef starfsmaður hyggst taka þátt í atvinnustarfsemi skal hann tilkynna það, á viðeigandi [eyðublaði](#)²⁵ yfirmanni sínum og senda regluverði samhliða afrit á atvinnuthattaka@islandsbanki.is. Starfsmaður sem tekur þátt í atvinnustarfsemi þegar hann hefur störf hjá bankanum skal tilkynna yfirmanni og regluverði um það í samræmi við þessa grein.

Þyki yfirmanni leika vafi á því að tilkynnt þátttaka starfsmanns samræmist markmiðum reglna þessara ber honum að vísa tilkynningu til regluvarðar sem leggur mat á tilkynningu.

Þyki regluverði leika vafi á því að tilkynnt þátttaka starfsmanns samræmist reglum þessa 5. kafla skal regluvörður taka tilkynningu til meðferðar, líkt og um umsókn stjórnanda væri að ræða, samkvæmt viðeigandi ákvæðum 5.3. og 5.4. kafla hér að neðan. Í slíkum tilvikum mun regluvörður tilkynna starfsmanni um það og óska eftir skýringum, ef við á.

Regluvörður

Óski regluvörður eftir því að taka þátt í atvinnustarfsemi skal hann senda skriflega umsókn, á viðeigandi [eyðublaði](#)²⁶ til bankastjóra þar að lútandi. Taki regluvörður þátt í atvinnustarfsemi á þeim tíma er hann hefur störf hjá bankanum skal hann tilkynna bankastjóra um það og leita eftir heimild í samræmi við þessa grein.

Þyki bankastjóra leika vafi á því hvort heimild skuli veitt getur hann óskað álits innri endurskoðanda, yfirlögfræðings og/eða mannauðsstjóra.

5.3. Meðferð umsókna

Þegar regluvörður og yfirmaður leggja mat á það hvort veitt skuli heimild til þátttöku í tilteknum atvinnustarfsemi skal ganga úr skugga um að:

- a) þátttaka sé ekki andstæð lögum,

²⁴ EY-2882 Umsókn um heimild til þátttöku í atvinnustarfsemi

²⁵ EY-7866 Tilkynning um þátttöku í atvinnustarfsemi

²⁶ EY-2882 Umsókn um heimild til þátttöku í atvinnustarfsemi



- b) ekki sé hætta á hagsmunárekstrum m.t.t. bankans og viðskiptavina hans vegna þátttöku viðkomandi,
- c) þátttaka skaði ekki hagsmuni og/eða trúverðugleika bankans,
- d) þátttaka stefni ekki óháðri stöðu viðkomandi í hættu,
- e) þátttaka samrýmist starfi viðkomandi hjá bankanum.²⁷

Ganga skal úr skugga um að viðkomandi sé ekki í þeirri stöðu að geta beitt sér eða með öðrum hætti sett mark sitt á mál fyrirtækisins/félagsins sem um ræðir, við meðferð og afgreiðslu hjá bankanum.

Veita má heimild til þátttöku í atvinnustarfsemi með tilteknum takmörkunum, ef við á, sé litið svo á að slík ráðstöfun samrýmist tilgangi reglna þessara.²⁸

Regluvörður getur afturkallað áður veitta heimild til þátttöku í atvinnustarfsemi. Skal heimild afturkölluð með skriflegum hætti og tekur afturköllun gildi þegar hún er komin til vitundar viðkomandi. Skal honum veittur sanngjarn frestur til að gera viðeigandi ráðstafanir, t.d. að segja sig úr stjórn fyrirtækis eða félags eða hætta þátttöku að öðru leyti.

5.4. Tilkynningarskylda um breytingar

Starfsmaður sem fengið hefur heimild til þátttöku í atvinnustarfsemi skal án tafar tilkynna regluverði ef breytingar verða á:

- a) starfssviði/ábyrgð viðkomandi innan bankans,
- b) þátttöku hans í atvinnustarfseminni sem um ræðir²⁹,
- c) á starfsemi fyrirtækisins/félagsins sem um ræðir,
- d) á fyrirtækinu/félaginu sjálfu³⁰.

Skal regluvörður í kjölfarið endurmeta veitta heimild með hliðsjón af breytingunum.

Hætti stjórnandi/starfsmaður þátttöku í atvinnustarfsemi skal hann tilkynna regluverði og yfirmanni þá ráðstöfun án tafar³¹.

6. Reglur um aðskilnað starfseininga

6.1. Aðskilnaður

Til þess að draga úr hættu á að trúnaðar- og innherjaupplýsingar berist á milli einstakra eininga bankans eða til þriðja aðila skal bankinn aðskilja þær einingar bankans, sem gerð er krafa um í þessum ó. kafla með fullnægjandi hætti.

Með aðskilnaði er átt við áþreifanlegan aðskilnað í húsnæði (aðgangsstýring), stýringu aðgangs að gögnum og kerfum og hegðunartengdan aðskilnað. Hurðir í aðgangsstýrdum rýmum skulu ávallt vera lokaðar. Með aðskilnaði er jafnframt átt við að starfssvið séu aðskilin í stjórnun, afkomu, upplýsinga- og tölvukerfum og með reglum um samskipti milli sviða. Í hegðunartengdum aðskilnaði felst m.a. að leitast skuli við að merkja viðkvæm skjöl „trúnaðargögn“ og læsa tölvum þegar farið er frá þeim.

²⁷ Hér er m.a. átt við starf hjá samkeppnisaðila, öðrum aðila sem heyrir undir eftirlit Seðlabanka Íslands eða fyrirtæki með starfsemi sem haft getur áhrif á orðspor bankans.

²⁸ S.s. tímamörk eða bundið við ákveðin verkefni.

²⁹ S.s. breyting á ábyrgð, starfssviði eða eignarhlutdeild.

³⁰ S.s. breyting á rekstrarformi.

³¹ EY-2881 Tilkynning um að hafa hætt þátttöku í atvinnustarfsemi



Aðskilnaði skal hagað á þann veg að starfsmenn hverrar einingar um sig fái ekki án fyrirhafnar vitneskju um einstök verkefni starfsmanna annarra eininga. Enn fremur skal aðgangur að upplýsingakerfum vera aðgangsstýrður, sjá nánar reglur bankans um aðgangsstjórnun.

Dótturfélög bankans, sem sinna fjárfestingar- og viðbótarþjónustu, skulu vera aðskilin frá starfsemi bankans.

Framkvæmdastjórar stýra hverju sviði. Sviðin skiptast niður í deildir og þeim stýra forstöðumenn. Innra skipulag bankans kemur nánar fram í skipuriti bankans á hverjum tíma.

Áhættustýring, Innri endurskoðun, Lögfræðisvið og Regluvarsla skulu ávallt hafa aðgang að þeim upplýsingum sem þörf er á til að sinna þeirri starfsemi sem þeim er ætlað að sinna.

6.2. Stjórnendur

Sami stjórnandi skal ekki fara með daglega stjórn starfseininga þar sem þörf er á aðskilnaði. Bankastjóri og framkvæmdastjórar sviða þar sem fleiri en ein deild kallar á aðskilnað og sérstakan stjórnanda geta þó haft yfirsýn yfir starfsemi aðskilinna deilda.

Stjórnendur sem hafa slíka yfirsýn verða að sýna sérstaka aðgát í störfum sínum. Þeir eru eftir sem áður háðir sömu takmörkunum og höftum og þeir sem starfa innan starfseininga varðandi notkun upplýsinga sem þeir fá aðgang að af þeim sökum. Því geta þessir stjórnendur undir ákveðnum kringumstæðum orðið vanhæfir til að koma að úrlausn eða ákvarðanatöku einstakra mála. Þá þarf að gæta sérstaklega að því hvernig afleysingum er sinnt.

Stjórnendur starfseininga sem tilgreindar eru í reglum þessa 6. kafla bera ábyrgð á að aðskilnaður eininga sem heyra undir þá séu í samræmi við reglur þessar.

6.3. Fyrirtæki og fjárfestar

Sviðið skal aðskilið öðrum sviðum bankans. Þær deildir sem heyra undir Fyrirtæki og fjárfesta eru: Fjármál, rekstur og stefnumótun, Lögfræðiráðgjöf, Fyrirtækjaráðgjöf, Verðbréfamiðlun, Gjaldeyrismiðlun, Afleiðuborð, Eignastýring og Fyrirtæki.

Fyrirtækjaráðgjöf, Eignastýring, Verðbréfamiðlun og Gjaldeyrismiðlun skulu aðskildar frá öðrum einingum bankans. Aðskilnaðurinn skal vera með þeim hætti að deildirnar skulu vera staðsettar í lokuðu rými sem er aðgangsstýrt og hljóðeinangrað.

Framkvæmdastjóri og Fjármál, rekstur og stefnumótun skulu vera aðskilin frá öðrum einingum sviðsins sem háðar eru aðskilnaði, þ.e. Fyrirtækjaráðgjöf, Eignastýringu, Verðbréfamiðlun og Gjaldeyrismiðlun.

Dagleg stjórnun Fyrirtækjaráðgjafar, Eignastýringar, Verðbréfamiðlunar og Gjaldeyrismiðlunar skal vera í höndum forstöðumanns hverrar einingar fyrir sig. Framkvæmdastjóri hefur aðgang að rýmum sem heyra undir hann en stýra þarf aðgangi að rafrænum gögnum, hugbúnaði, tölvupósti og sameiginlegum drifum og einskorða við það sem honum er nauðsynlegt vegna aðkomu sinnar að starfseminni.

Þegar unnið er með trúnaðarupplýsingar um rekstur og áform viðskiptavina Fyrirtækja skal haga þeirri vinnu þannig að aðgangur annarra en þeirra sem taka þátt í slíkri vinnu sé takmarkaður eins og kostur er.

6.4. Fjármálasvið

Þær deildir sem heyra undir Fjármálasvið eru Fjárhagsdeild, Fjárstýring, Viðskiptagreining, Eignarhlutir, Innkaup og rekstur, Útibúþjónusta og Viðskiptaver.



Þegar unnið er með óbirtar upplýsingar um afkomu bankans skal Fjármálasvið haga vinnu sinni þannig að aðgangur annarra en þeirra sem taka þátt í slíkri vinnu eða upplýsingum um hana sé takmarkaður eins og kostur er. Fjárhagsdeild skal setja verklagsreglur um slíkar takmarkanir sem samþykktar skulu vera af Regluvörslu.

Fjárstýring og Eignarhlutir skulu aðskilin frá öðrum sviðum bankans.

6.5. Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf

Tryggja skal viðeigandi aðskilnað Verðbréfa- og lífeyrisráðgjafar innan bankans frá öðrum einingum bankans.

6.6. Flutningur starfsmanna á milli eininga og aðgangur

Leita þarf fyrirfram heimildar regluvarðar fyrir flutningi starfsmanns á milli aðgangstakmarkaðra eininga sem tilgreindar eru í reglum þessa 6. kafla, bæði hvað varðar staðsetningu í húsnæði, verkefni og aðgang viðkomandi að upplýsingum og kerfum einingar sem háð er aðskilnaði. Á þetta jafnt við um varanlegan flutning/aðgang jafnt sem tímabundinn.

Forstöðumaður þeirrar einingar, eða viðeigandi framkvæmdastjóri ef við á, sem starfsmaður er að yfirgefa skal óska eftir að aðgangi starfsmanns sé lokað, s.s aðgangur í CURE, að sameiginlegum tölvupóstföngum o.s.frv.

Forstöðumaður þeirrar einingar, eða viðeigandi framkvæmdastjóri ef við á, þar sem starfsmaður er að hefja störf skal tilkynna um flutning starfsmanns og óska eftir viðeigandi aðgangi fyrir viðkomandi, s.s aðgangur í CURE, að sameiginlegum tölvupóstföngum o.s.frv.

7. Eftirlit og viðurlög

Regluvörður hefur eftirlit með því að ákvæðum reglna þessara sé fylgt og hefur forgöngu um túlkun þeirra.

Regluvörður heldur skrá yfir:

- Meint brot á reglum þessum og upplýsir stjórn bankans með reglulegri skýrslugjöf.
- Beiðnir starfsmanna um afstöðu til viðskipta og undanþágur sem veittar hafa verið frá reglum um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga.
- Þau álit sem hann veitir vegna gjafa og boðsferða sem og þau vafatilvik sem komið hafa upp í tengslum við reglur um gjafir og boðsferðir.
- Gjafir og boðsferðir í samræmi við greinar 3.1 og 3.2.
- Flutninga starfsmanna á milli eininga sem tilgreindar eru í reglum um aðskilnað starfseininga.
- Tilkynningar og heimildir vegna þátttöku starfsmanna í atvinnustarfsemi.
- Veittar undanþágur frá ákvæðum reglna þessara.

Brot gegn reglum þessum geta varðað viðurlögum í starfi.